



23. árgangur 5. tbl. Maí 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir  
A.b.m: Asta Stefánsdóttir



## Bláskógabyggð

### Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.



„Enginn getur allt en allir geta eitthvað“

Miðfellshlaupið verður haldið 1. júní kl. 11 á Flúðum og er verkefni sem er hugsað til að hvetja til almennrar hreyfingar og heilsueflingar. Hlaupið er unnið í samstarfi við Heilsueflandi Uppsveitir. Í ár höfum við sem stöndum að Miðfellshlaupinu ákveðið að allur ágóði hlaupsins renni til vinnustofu VISS á Flúðum. Í öllu starfi VISS er haft til hliðsjónar að „Enginn getur allt en allir geta eitthvað“ og langar okkur að nota það sem slagorð hlaupsins í ár. Skráning í hlaupið: <https://forms.gle/1jaPsNZfbVzPnyXx7>

Boðið verður upp á þessar vegalengdir:

- 1.2 km (99% malbik)
- 3 km. (ganga/skókk)
- 5 km. (ganga/skókk/hlaup, byrjar í Miðfellshverfinu, lítil rúta fer þangað)
- 10 km. (skókk/hlaup, byrjar við íþróttahúsið)

Það verður ekki rásnúmer eða tímataka en það verður markklukka þar sem þátttakendur geta séð tíma sinn þegar í mark er komið. Nánari upplýsingar sjá fésbókarhópinn Heilsueflandi Uppsveitir ( <https://shorturl.at/ntyMP> ) og á heimasíðum sveitarfélaganna í uppsveitunum.

## Oddvitapistill

Starfsemi skipulags- og byggingafulltrúaembættisins á Laugarvatni hefur nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði á Laugarvatni. Skrifstofan hefur frá stofnun embættisins verið í húsnæði sveitarfélagsins að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Það húsnæði var komið til ára sinna og þarfnáðist mikils viðhalds, til að standast þær kröfur sem gerðar eru til skrifstofuhúsnæðis. Nýja húsið sem er staðsett að Hverabraut 6 er glæsilegt í alla staði og er gamla Smíðahúsið á Laugarvatni fyrirmyndin. Það voru Selásbyggingar sem byggðu húsnæðið og er Hákonni Páli Gunnlaugssyni, eiganda fyrirtækisins þökkud góð störf. Húsnæðið að Dalbraut 12 verður selt, kaupandi er fyrirtækið DB10 ehf. en það fyrirtæki á Hótel Laugarvatn sem stendur þar við hliðina. Eftir er að ganga frá lóðinni og aðkomu að húsnæðinu en það verður gert í sumar. Nýja húsnæðið að Hverabraut 6 verður fljótlega opið fyrir almenning til sýnis, en það verður auglýst sérstaklega á miðlum sveitarfélagsins.

Vinna við tækja- og bílageymslu Brunavarna Árnæssýslu á Laugarvatni er á góðu róli. Búið er að jarðvegsskipta og fylla undir húsið. Uppsláttur fyrir sökklinum gengur vel og ætti sá áfangi að klárast fljótlega. Í framhaldinu verður platan steipt og húsið reist en um límréshús er að ræða.

Einkaaðilar eru víða að framkvæma í sveitarfélaginu og er gaman að sjá alla þá uppbyggingu sem á sér stað. Uppbyggingin er að mestu tengd ferðaþjónustu enda er svæðið einstakt og dregur marga gesti til sín víðsvegar að. Stærsta einstaka framkvæmdir um þessar mundir er bygging baðlónsins í Laugarási sem er á fullu þessa dagana. Jarðvinnan er langt komin en hún var mikil að umfangi enda þarf að vanda vel til verka. Í framhaldinu verður forsteyptum einingum komið fyrir en þá fer betri og gleggri mynd að komast á svæðið. Samkvæmt byggingaraðila er áætlað að baðlónið opni vorið 2025.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sýnum fyrir stuttu að auglýsa lóðir við 3. áfanga við Borgarríma í Reykholti lausar til úthlutunar. Um er að ræða rað- og parhúsaloðir. Áhugavert verður að sjá hver áhuginn fyrir þessum lóðum verður en mikil ásókn hefur verið í lóðir í Reykholti undanfarin ár. Á heimasíðu sveitarfélagsins er hægt að sjá um hvaða lóðir er að ræða og þar er einnig hægt að nálgast eyðublöð um lóðarumsóknir. Helstu stofnvegir í sveitarfélaginu koma mjög illa undan vetrinum. Ljóst er að gera þarf stórátak í samgöngumálum í Bláskógabyggð til að vegirnir þoli alla þá umferð sem um vegina fara. Mikið er um sig og sprungur í vegum, bæða langsum og þversum. Þá er mikið um holur sem geta verið mjög varhugaverðar. Gera þarf mikla bragarbót á Biskupstungnabraut, Þingvallavegi og Laugarvatnsvegi, eins er Skálholtsvegur illa farinn á köflum. Alla þessa vegi þarf að byggja almennilega upp í eitt skipti fyrir öll svo þeir þoli alla þá umferð sem liggur að helstu ferðamannastöðum landsins. Það gæti farið illa með ferðaþjónustuna ef þessir vegir verða taldir hættulegir og varhugavert að keyra eftir þeim, þjóðin má ekki við slíku að sínum helstu ferðamannastöðum, þeir eru það þjóðhagslega mikilvægir.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar



## Vinnuskóli 2024

Stefnt er að því að vinnuskóli Bláskógabyggðar verði með vinnustöðvar á tveimur stöðum, á Laugarvatni annars vegar og í Reykholti hinsvegar. Hann verður starfræktur frá byrjun júní til loka júlí. Réttindi til vinnu í vinnuskólanum eiga unglingar með lögheimili í Bláskógabyggð og eru fæddir á árunum 2008, 2009 og 2010. Nemendur geta sótt störf um við aðrar deildir sveitarfélagsins, svo sem leikskóla. Í þeim tilfellum er farið eftir fimmta og sjötta kafla reglugerðar um vinnu barna og unglunga varðandi vinnutíma. Umsókn um starf í vinnuskóla skal skila eigi síðar en sunnudag 12 maí nk.

Laun, án orlofs:

Börn fædd 2008	Börn fædd 2009	Börn fædd 2010
10. bekkur	9. bekkur	8. bekkur
1.348 kr/klst	1.078 kr/klst	808 kr/klst

Nánari upplýsingar um vinnuskólann veitir Kristófer Tómasson sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Netfang: [kristofer@blaskogabyggd.is](mailto:kristofer@blaskogabyggd.is) Sími 860-4440. Senda má eyðublað <https://www.blaskogabyggd.is/thjonusta/vinnuskoli/> á ofangreint netfang eða afhenda það á skrifstofu Bláskógabyggðar.

Nafn nemanda	Kennitala
Nafn forráðamanns	Sími
Heimilsfang	Póstnr
Launauppl nemanda Banki: _____ höfuðb: _____ reikningsnr: _____	

Forráðamenn þurfa að skrá unglinginn sinn í Vinnuskólann.

Athugið að við skráningu þarf nemandi að eiga bankareikning sem stofnaður er á kennitölu hans.

Vakin er athygli á að árið sem 16 ára aldri er náð verður skattskylda eins og hjá fullorðnum og þarf launþegi að ráðstafa persónuafslætti til vinnuveitanda. Ráðstofun persónuafsláttar er á byrgð launþega

# M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

**Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664**

## Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla  
Opíð er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.  
Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja  
við á skólatíma.



## Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í júní 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. júní 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is) eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.  
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.**

**Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.**

**Lyfjaendurnýjun er á [heilsuvera.is](http://heilsuvera.is)**

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímamantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



## Laus störf í Reykholtsskóla Bláskógabyggð fyrir skólaárið 2024-2025

Reykholtsskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru 110 nemendur. Kjörorð skólans eru Virðing-Velliðan-Samvinna. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, teymisvinnu, verkefnaaðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og list- og verkgreinar. Reykholtsskóli er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Cott samstarf er við aðra skóla í Árnesþingi.

Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar:

- Umsjónarkennari - 100% staða
- Kennari á unglunga-/miðstigi - 100% staða

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leyfisbréf til kennslu
- Faglegur metnaður
- Vilji til þess að starfa í teymi
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samstarfshæfni
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum
- Vilji til notkunar snjalltækja í kennslu
- Góð íslenskukunnátta

**Einnig er laus til umsóknar:**

- **Stuðningsfulltrúi/starfsmaður**  
Frístundar - 100% staða

**Hæfniskröfur**

- Góð samstarfshæfni
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknum skal fylgja ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur. Störfin henta einstaklingum óháð kyni. Umsóknarfrestur er til 17. maí 2024. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar veitir Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri, í síma 847 5353. Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið lbj@reykholtsskoli.is.



## Íþróttamiðstöðin í Reykholti Vetraropnun

14. ágúst 2023 – 17. maí 2024



Mánudaga 14:00 – 20:00

Þriðjudaga 14:00 – 22:00

Miðvikudaga 14:00 – 20:00

Fimmtudaga 14:00 – 22:00

Föstudaga 13:00 – 17:00

Laugardaga 10:00 – 18:00

Sunnudaga lokað

Sundlaug, heitur pottur, vaðlaug, vatnsrennibraut, kalt ker, þrek- og íþróttasalur. Opið er í tækjasal mánudaga til laugardaga frá 10:00 til lokunartíma sama dags.

## The Sport Center in Reykholt Opening hours during winter

14. August 2023 - 17. May 2024



Mondays 14:00 – 20:00

Tuesdays 14:00 – 22:00

Wednesdays 14:00 – 20:00

Thursdays 14:00 – 22:00

Fridays 13:00 – 17:00

Saturdays 10:00 – 18:00

Swimming pool, hot and cold tubs, water slide, gym and a fitness room. The Fitness center opens at 10:00 every day except Sundays.

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabyggd



Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



## Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: [vidhald.drattur@gmail.com](mailto:vidhald.drattur@gmail.com)

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

**HÓLABÚÐIN**



## Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufæðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**

s:865-4393 eða netfang [ellisifmb@gmail.com](mailto:ellisifmb@gmail.com).



## Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2024

### Flokkstjóri óskast

Bláskógabyggð óskar eftir að ráða flokkstjóra yfir vinnuskóla sveitarfélagsins og umhirðu opinna svæða og tilfallandi umhverfisverkefna sumarið 2024. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi og hreint sakavottorð. Starfstími er frá lok maí til loka júlí. Möguleiki er á starfi til 20 ágúst. Starfsvæðið er á Laugarvatni, í Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til 15. maí nk. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknir berist á netfangið [kristofer@blaskogabyggd.is](mailto:kristofer@blaskogabyggd.is).

Upplýsingar gefur Kristófer í síma 860-4440 og 480- 3000.

# Vor í Skálholti

## - Menningar- og fræðslugöngur í maí

4. maí Fuglaganga 9:30

Tómas Gunnarsson Fuglafræðingur leiðir fræðslugöngu um fugla um Skálholtstungu. Mæting við Skálholtsbúðir – Aðgangur ókeypis.

8. maí Þorláksleið vígð 18:00

Ný Þorláksleið um Skálholtsjörð vígð, en leiðin hefur verið vörðuð með skiltum. Kristján Björnsson vígslubiskup leiðir gönguna. Mæting við kirkjuna – ókeypis.

15. maí Ragnheiðarganga 18:00

Friðrik Erlingsson leiðir Ragnheiðargöngu um Skálholt. Mæting við kirkjuna. Aðgangur ókeypis

22. maí Söguganga með Bjarna Harðar 18:00

Bjarni Harðarson leiðir göngu um Skálholtsstað og fer yfir sögu og sögupersónur Skálholtsstaðar. Mæting við kirkjuna. Aðgangur ókeypis.

29. maí Valgerður Biskupsfrú 18:00

Halldóra Kristinsdóttir frá Landsbókasafni fræðir gesti um Valgerði Jónsdóttur biskupsfrú. Stutt ganga. Mæting í kirkjunni. Aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar


skalholt.is

Íþróttamannvirki Bláskógabyggðar  
Laugarvatni  
S. 480 3041

## Opnunartímar

Sundlaug	Preksalur
<b>Mánudag - Miðvikudags:</b> 13:00 - 21:00	<b>Mánudag - Fimmtudags:</b> 10:00 - 22:00
<b>Fimmtudaga:</b> 15:00-21:00	<b>Föstudaga :</b> 10:00 - 18:00
<b>Föstudaga,</b> <b>Laugardaga &amp; Sunnudaga</b> 13:00 - 18:00	<b>Laugardaga &amp; Sunnudaga</b> 13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn



## Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang [emmccemm@gmail.com](mailto:emmccemm@gmail.com)